

Tímamót í loftslagsaðgerðum

Álit Loftslagsráðs

12. júní 2025

- Loftslagsráð fagnar kraftmikilli umræðu utan þings og innan um hvernig skuli standa að óhjákvæmilegum breytingum á fjármögnun vegakerfisins í ljósi þeirra áhrifa sem orkuskipti í samgöngum hafa þegar haft og munu hafa á sölu á olíu og bensíni. Sú umræða hefur afhjúpað **veikleika í samþættingu hagstjórnar við markmið í loftslagsmálum** og undirstrikað hve miklu skiptir að stjórnvöld taki réttar ákvarðanir. Samdráttur í nýskráningu hreinna rafbíla undirstrikar hversu vandasöm beiting hagrænna stjórnækja – skatta, gjalda og ívilnana – getur verið og mikilvægi þess að horft sé á heildarmyndina og fleiri en eitt markmið þegar ákvarðanir eru teknar.¹
- Ísland hefur undirgengist sameiginlegar skuldbindingar með aðildarríkjum Evrópusambandsins og Noregi um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2030. Verulegur kostnaður getur hlotist af vanefndum. Í nýlegri úttekt Loftslagsráðs Írlands og ráðgjafanefndar Írlands í ríkisfjármálum er áætlað að Írar gætu þurft að greiða 8–26 milljarða evra til annarra ESB-ríkja vegna vanefnda. Hér á landi hefur ekki verið gerð sambærileg úttekt, en ljóst er að **kostnaður gæti orðið hár ef Íslands stendur ekki við skuldbindingar sínar**. Hagkvæmara er að auka fjárfestingar án frekari tafar í loftslagsaðgerðum sem einnig auka hagsæld og velferð til lengri tíma.
- **Þau þáttaskil í framkvæmd loftslagsaðgerða sem ráðið kallaði eftir í nóvember 2024 hafa ekki komið fram.** Stjórnsýsla loftslagsmála er enn of sundurlaus og vanmáttug ef tekið er tillit til þess hve mikið er í húfi, verkefnið umfangsmikið og lítill tími til stefnu. Líkt og aðrar þjóðir á Ísland enn í erfiðleikum með að koma markmiðum í framkvæmd. Hér á landi eru veikleikarnir einkum veik verkstjórn og eftirfylgni aðgerða, ómarkviss ráðstöfun fjármuna, skortur á upplýsingamiðlun og takmarkað samráð við almenning.
- **Hnattrænt hefur umtalsverður árangur náðst á þeim áratug sem liðinn er frá samkomulaginu sem náðist í París 2015.** Hægt hefur á aukningu heimslosunar, þó hámarki sé enn ekki náð. Meirihluti nýrra fjárfestinga í orkuvinnslu byggir nú á endurnýjanlegum orkugjöfum. Miðað við núverandi landsframlög aðildarríkja Parísarsamningsins stefnir í 2,7°C hækkun meðalhita á þessari öld, sem hafa myndi geigvænleg áhrif með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir mannkyn allt. Fyrir Parísarþingið voru horfurnar mun verri og þá stefndi í 4°C röskun fyrir 2100.
- Það er grundvallarmunur á afleiðingum 2,7°C hækkunar meðalhita og því markmiði Parísarsamningsins að halda henni vel innan við 2°C á þessari öld og eins nálægt 1,5°C og mögulegt er. Sem nýlegt dæmi má nefna að **massatap jökla jarðarinnar yrði helmingi meiri við 2,7°C en við 1,5°C**.² Milliríkjanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar

¹ Sjá nánar [álit Loftslagsráðs um losun frá vegasamgöngum](#), dagsett 12. febrúar 2025.

² Harry Zekollari et al. [Glacier preservation doubled by limiting warming to 1.5°C versus 2.7°C](#). *Science* 388,979-983(2025).

(IPCC) bendir á að áhætta tengd vendipunktum, víðfeðmum og hugsanlega óafturkræfum breytingum, yrði mikil ef hlýnun yrði á bilinu 1.5°C til 2.5°C. Dæmi um slíkt væru stórfelldar breytingar á hafstraumum í Atlantshafi.

- **Afleiðingar loftslagsváru eru þegar komnar fram hér á landi.** Svo dæmi sé tekið þá hefur aukin úrkomuákefð valdið tjóni víða um land. Fjárfestingar í rannsóknum og vöktun og virk miðlun niðurstaðna geta dregið umtalsvert úr eignatjóni af loftslagstengdri náttúruvá. Í því sambandi er það fagnaðarefni að Loftslagsatlas er nú aðgengilegur á vef Veðurstofunnar, en hann veitir innsýn í hvernig nærumhverfi og lífsskilyrði koma til með að breytast.
- **Þróa þarf opinberar sviðsmyndir um þróun lykiláhættuþátta á næstu áratugum svo taka megj upplýstar ákvarðanir um skipulag og verklegar framkvæmdir.** Brýnt er að byggingareglugerðir verði endurskoðaðar í ljósi fyrirsjáanlegrar áhættu og að skipulag byggðar og samgöngumannvirkja taki mið af bestu fánlegu þekkingu. Gera þarf fjárfestingaráætlanir um endurbætur á fráveituinnviðum til að bregðast við aukinni úrkomuákefð.
- **Ein mesta ógnin fyrir íslenskt samfélag tengist þó afleiðingum röskunar loftslags utan landsteinanna og áhrifum þeirra á fæðuframléiðslu og hnattrænar virðiskeðjur.** Það er því mikið í húfi að Ísland beiti sér af afli á alþjóðavettvangi og stuðli að árangursríku samstarfi um nýtingu endurnýjanlega orkugjafa, verndun hafsins og viðbrögð við loftslagstengdri náttúruvá.
- Vísindanefnd um loftslagsbreytingar benti 2023 á að þekkingu og rannsóknir skorti á mörgum sviðum tengdum loftslagsbreytingum. Sumar þessara ábendinga komu einnig fram í skýrslu nefndarinnar árið 2008 og því **miðar of hægt að efla rannsóknir sem byggja má á stefnumótun vegna áhrifa loftslagsbreytinga.** Þessi staða kallar á áherslubreytingu í fjármögnun rannsókna og vöktunar bæði beint úr ríkissjóði og í gegnum samkeppnissjóði.
- Nú er komið að endurnýjun landsframlaga til markmiðs Parísarsamningsins fyrir tímabilið 2031-2035. Slík landsframlög áttu að liggja frammi níu mánuðum fyrir 30. aðildarríkjaþing Loftslagssamningsins sem haldið verður í Belem í Amazon fylki Brasilíu í nóvember. Framlög þurfa að berast í síðasta lagi í september svo taka megj tillit til þeirra í mati á áhrifum á heimslosunina og þar með röskun loftslags. **Loftslagsráð hvetur stjórnvöld til að hraða undirbúningi að framlagi Íslands og að vanda til verka.** Einnig þarf að teysta undirstöður samstarfs Íslands við ESB og Noreg um markmiðssetningu og framkvæmd loftslagsstefnu á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Brýnt er að auka þverpólitískt samráð á mótunarstigi svo tryggja megj varanlega samstöðu sem byggja þarf á réttlátum umskiptum.